

Kerfisframlag – netmáli D3

Uppfærsla á útreikningum kerfisframlags
vegna gjaldskrábreytinga 1. apríl 2022.

Kynning fyrir viðskiptavini Landsnets
27. janúar 2022.

Samræming skilmála D3 um kerfisframlag við breytingar á innmötunargjaldi

- Endurskoða þarf skilmála D3 um kerfisframlag til að samræma hann við breytingar á innmötunargjaldi í flutningsgjaldskrá Landsnets, sem munu taka gildi 1. apríl 2022.
- Endurskoðunin felur eingöngu í sér samræmingu við ofangreinda gjaldskrárbreytingu. Ekki er um heildstæða endurskoðun á aðferðafræði að ræða. Vegvísir (roadmap) vegna áframhaldandi endurskoðunar á flutningsgjaldskrá Landsnets, kerfisþjónustu og kerfisframlagi fyrir næstu 2-3 árin er í vinnslu. Vegvísirinn mun vera birtur í febrúar 2022.

Flutningsgjaldskrá Landsnets

Breyting verður á innmötunargjaldskrá þar sem hluti úttektargjalda verður færður yfir á innmötunargjöld. Heildartekjur Landsnets haldast óbreyttar, enda lækka úttektargjöld að sama skapi.

Gjaldskrá frá 1. janúar 2022

Innmötun

Afhendingargjald	7.149.652 kr. á ári
------------------	---------------------

Úttekt

Dreifiveitur

Afhendingargjald	7.149.652 kr. á ári
Aflgjald	7.340.749 kr. á ársMW
Orkugjald	531,55 kr. á MWst

Stórnotendur

Afhendingargjald	53.181. USD á ári
Aflgjald	30.979 USD á ársMW
Orkugjald	1,567 USD á MWst.

Gjaldskrá frá 1. apríl 2022*

Innmötun

Aflgjald (25%)	711.672 kr. á ársMW
Aflgjald (75%)	5.611 USD á ársMW

Úttekt

Dreifiveitur

Afhendingargjald	6.584.829 kr. á ári
Aflgjald	6.760.830 kr. á ársMW
Orkugjald	489,56 kr. á MWst

Stórnotendur

Afhendingargjald	45.948 USD á ári
Aflgjald	26.766 USD á ársMW
Orkugjald	1,354 USD á MWst.

*staðfest gjöld liggja fyrir 8 vikum fyrir gildistöku

LANDSNET

Skilmáli D3 um kerfisframlag

- Kerfisframlag er hlutdeild viðskiptavinar í fjárfestingu vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutningskerfi.
- Skilmálar þessir gilda fyrir virkjanir og stórnotendur vegna nýrrar tengingar eða styrkingar á flutningskerfi Landsnets.
- Skilmálar þessir eru settir til að tryggja skýrar og gagnsæjar reglur og til að Landsnet mismuni ekki virkjunaraðilum eða stórnotendum.
- Tenging nýrra viðskiptavina má ekki leiða til verulegra breytinga á kostnaði vegna raforkuflutnings hjá núverandi viðskiptavinum skv. 10. mgr. 12. gr. a. í raforkulögum 65/2003, sbr. 16. gr. a í reglugerð 1040/2005.
- Notast er við forsendur til útreikninga eins og kveðið er á um í reglugerð 1040/2005, með síðari breytingum, sbr. 16. gr. b.

Áhrif breytinga í flutningsgjaldskrá á útreikninga á kerfisframlagi

Aðferðafræði við ákvörðun kerfisframlags er núvirðing (NV) sjóðsstreymis og fjárfestingar yfir samnings- eða afskriftartíma fjárfestingar og framkvæmdatímabil hjá viðkomandi viðskiptavin fyrir tilheyrandi fjárfestingu.

$$\begin{aligned}\text{Kerfisframlag} &= -\text{NV}(\text{Fjárfesting}) + \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) \\ \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) &= \text{NV}(\textbf{Tekjur} \cdot \textbf{Hlutfall tekna (Ht)} - \text{rekstrarkostnaður})\end{aligned}$$

Breyting á innmötunargjaldi hefur áhrif á tekjur og hlutfall tekna þegar reiknað er framtíðar sjóðsstreymi.

Tekjur

$$\begin{aligned}\text{Kerfisframlag} &= -\text{NV}(\text{Fjárfesting}) + \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) \\ \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) &= \text{NV}(\textbf{Tekjur} \cdot \text{Hlutfall tekna (Ht)} - \text{rekstrarkostnaður})\end{aligned}$$

Útgáfa 1.0

Tekjur Landsnets eru reiknaðar skv. gildandi gjaldskrá Landsnets hverju sinni.

- Fyrir virkjanir er gert ráð fyrir að orkuflutningur skiptist milli almennra notenda og stórnotenda, því er reiknað skv. dreifiveitu- og stórnotenda gjaldskrá og er skipt eftir innkomuhlutfalli Landsnets hverju sinni, sjá viðauka 1.
- Fyrir stórnotendur er reiknað skv. stórnotendagjaldskrá.

Útgáfa 2.0

Tekjur Landsnets eru reiknaðar skv. gildandi gjaldskrá Landsnets hverju sinni.

- Fyrir virkjanir er reiknað skv. innmötunargjaldskrá.
- Fyrir stórnotendur er reiknað skv. stórnotendagjaldskrá.

Tekjur frá virkjunum

$$\begin{aligned}\text{Kerfisframlag} &= -\text{NV}(\text{Fjárfesting}) + \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) \\ \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) &= \text{NV}(\textbf{Tekjur} \cdot \text{Hlutfall tekna (Ht)} - \text{rekstrarkostnaður})\end{aligned}$$

Útgáfa 1.0

Tekjur frá virkjunum koma frá dreifiveitu- og stórnotendagjaldi. Hlutfallsskipting milli gjalda er skv. nýjasta ársreikningi Landsnets hverju sinni. Horft er til orkuflutnings til dreifiveitna annars vegar og stórnotenda hins vegar. Ekki er horft til annarra tekjuliða.

Í ársreikningi 2020 er skiptingin 63% / 37% þar sem 63% tekna fyrir virkjanir koma frá stórnotendagjaldskrá og 37% frá dreifiveitugjaldskrá.

Útgáfa 2.0

Tekjur frá virkjunum eru 25% í íslenskum krónum og 75% í bandaríkjadollar skv. innmötunargjaldskrá.

Hlutfall tekna

$$\text{Kerfisframlag} = -\text{NV}(\text{Fjárfesting}) + \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi})$$
$$\text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) = \text{NV}(\text{Tekjur} \cdot \text{Hlutfall tekna (Ht)} - \text{rekstrarkostnaður})$$

Hlutfall af tekjum sem notað er til útreikninga á framtíðar tekjum Landsnets vegna nýs aðila er byggt á **skiptingu eignastofns Landsnets sem er uppfærð á fimm ára fresti að kröfu Orkustofnunar**. Hlutfall tekna í töflu 1 er uppfærð í samræmi við þessa skiptingu eignastofns og var uppfærð 1. janúar 2016 í útgáfu 1.0 og 1. janúar 2021 í útgáfu 2.0.

Útgáfa 1.0

	Innmötun	Meginkerfið	Úttekt
Stórnotendur	11%	62%	27%
Almenningur	12%	50%	38%

Tafla 1: Hlutfall tekna (Ht). Hlutfall tekna fyrir virkjanir er reikn. skv. 3. tölul. viðauka 2.

	Hlutfall tekna
Stórnotendur	27%
Virkjanir	11% STN 12% DRV

Útgáfa 2.0

	Innmötun	Meginkerfið	Úttekt
Stórnotendur	14%	56%	30%
Almenningur	9%	33%	57%

Tafla 1: Skipting eignastofns Landsnets

	Hlutfall tekna
Stórnotendur	34,9%
Virkjanir	100%

Tafla 2: Hlutfall tekna

Hlutfall tekna er reiknað út til að tryggja að Landsnet taki sambærilegan þátt í kostnaði við tengingu stórnotenda eins og áður.
[30%/(56%+30%)=34,9%]
[13%/13%=100%] vegið hlutfall fyrir bæði stórnotendur og almenning

LANDSNET

Áhrif á niðurstöðu kerfisframlags

$$\text{Kerfisframlag} = -\text{NV}(\text{Fjárfesting}) + \text{NV}(\text{Sjóðsstreymi})$$
$$\text{NV}(\text{Sjóðsstreymi}) = \text{NV}(\text{Tekjur} \cdot \text{Hlutfall tekna (Ht)} - \text{rekstrarkostnaður})$$

Stórnotendur

Framtíðar sjóðsstreymi vegna stórnotenda hækka þar sem hlutfall úttektar stórnotenda hækka úr 27% í 30% í eignastofni Landsnets. Það leiðir til þess að kostnaður stórnotenda vegna tenginga við flutningskerfið lækka.

Framtíðartekjur frá stórnotendum lækka þar sem hluti þeirra færðist yfir á innmötunargjöld. Hlutfall tekna er reiknað út til að tryggja að Landsnet taki sambærilegan þátt í kostnaði við tengingu stórnotenda eins og áður. Því hefur það ekki áhrif á niðurstöður kerfisframlags.

Virkjanir

Framtíðar sjóðsstreymi virkjana lækka. Tekjur frá virkjunum eru reiknaðar á annan hátt en áður. Það leiðir til þess að kostnaður virkjana vegna tenginga við flutningskerfið hækka.

Hafa ber í huga að fyrirhuguð innmötunargjöld eru reiknuð á annan hátt en útreikningar á tekjum og hlutfalli tekna í útgáfu 1.0 af skilmála D3. Innmötunargjöld eru sett á sambærilegan hátt og stórnotendagjöld og er því komið samræmi þar á milli.

Næstu skref

- Í framhaldi af þessari kynningu birtum við gögnin á heimasíðunni okkar og umsagnarferli hefst. Þar óskum við eftir athugasemdum frá ykkur. Umsagnarferli stendur til og með 14. febrúar 2022.
- Umsagnir ásamt viðbrögðum okkar og endurskoðun á skilmáladrögum verða birtar á heimasíðu okkar og sendar í samþykkt til Orkustofnunar. Áætlað er að gögn verði birt um mánaðarmótin febrúar/mars 2022.
- Áætluð gildistaka á útgáfu 2.0 af skilmála D3 um kerfisframlag er 1. apríl 2022.